

Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 1. tbl. 13. árg

Ágúst 2023

Komið þið sæl og velkomin í skólann 2023-2024



Við bjóðum alla hjartanlega velkomna í hópinn okkar í Glerárskóla á þessu nýja skólaári. Líkt og árið í fyrra mun þetta skólaár einkennast af óhefðbundnu starfi vegna áframhaldandi framkvæmda við A-álmu Glerárskóla. Framkvæmdir hafa gengið vel í sumar og því er enn von til þess að við náum að flytja alla nemendur til baka í Glerárskóla úr Rósenborg á vorönninni.

Líkt og í fyrra sinna 8. - 10. bekkingar námi sínu að megninu til í Rósenborg þar til framkvæmdum lýkur.

Allt skipulag verður með sama sniði og á liðnu skólaári sem þýðir að 8. - 10. bekkingar mæta í rútur kl. 8:00 á morgnana og kennslustundir hefjast hjá þeim kl. 8:10. Íþróttir og sund verða áfram kennd í Glerárskóla auk lífsleiknitíma, annað hvort fyrst á morgnana eða í lok dags. Nemendur í 8. - 10. bekk snæða hádegismat í Glerárskóla alla daga nema miðvikudaga en þá er matur í Brekkuskóla og þann dag er föst stundatafla til kl. 13:45

Áfram leggur Glerárskóli mikla áherslu á faglega þáttinn í skólastarfinu. Kennarar vinna eins og alltaf að því að efla læsi og þátttöku nemenda í meðvitund á eigin námi. Á komandi ári verður leiðsagnarnám efst á baugi í skólanum en í samvinnu við grunnskólana á Akureyri og Nönnu Kristínu Christiansen leggjum við inn á þekkingarbraut til að efla fjölbreytni í kennsluháttum samkvæmt Menntastefnu Akureyrarbæjar og bætum leiðsagnarnámi inn í flóru skólans.

Við reynum alltaf okkar besta til að kenna nemendum Glerárskóla að taka ábyrgð á eigin lífi og gjörðum, leita lausna á verkefnum sem upp koma í lífi þeirra og sýna umhyggju og kærleika gagnvart öðrum. Til þess nýtum við jákvæðan aga sem reynst hefur okkur vel síðastliðin 15 ár og á ágústdögum fær starfsfólk innspýtingu og upprifjun í þeim efnum sem við getum nýtt okkur inn í skólaárið.

Auk þessa er Glerárskóli stoltur Grænfánaskóli til margra ára og því stöndum við vörð um nærumhverfi skólans og vonum að bæði nemendur, starfsmenn og forráðamenn séu meðvitaðir um umhverfismál, umgengni, flokkun og endurnýtingu.

Að venju bendum við öllum á að lesa fréttabréfið vel, fylgjast með tölvupóstum og heimasíðu/fésbókarsíðu skólans þar sem upplýsingar birtast reglulega auk vikupósta frá kennurum.

Við þökkum góða samvinnu liðinna ára og förum full tilhlökkunnar inn í komandi skólaár, handviss um að það verði bjart og gott. Berum út boðskapinn um hversu gott er að búa í

Þorpinu og með jákvæðni og samheldni tekst okkur að efla frábæran skóla fyrir krakkana okkar svo þeir styrkist með hverju skrefi.

Með kærri kveðjur frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Tómasi og Hrafnhildi

Skólasetning Glerárskóla 2023-2024

Skólasetning Glerárskóla verður **priðjudaginn 22. ágúst 2023** í íþróttasal skólans eða á körfuboltavelli (fer eftir veðri).

Skólasetningin verður sem hér segir:

2. - 4. bekkur	kl. 9:00
5. - 7. bekkur	kl. 10:00
8. - 10. bekkur	kl. 11:00



Að setningu lokinni fara nemendur í raðir og arka síðan með umsjónarkennurum í stofur og fá upplýsingar um skólastarfið.

Nemendur og forráðamenn 1. bekkjar verða boðaðir til viðtals þann 22. ágúst 2023.

Miðvikudaginn 23. ágúst 2023 hefst skólastarf samkvæmt stundaskrá hjá 1. - 10. bekk.

Nokkrar hagnýtar upplýsingar í skólabyrjun

Skólahúsnæði Glerárskóla/Rósenborgar opnar klukkan **7:50 á morgnana**.
Vinsamlega virðið þann opnunartíma og sendið ekki nemendur of snemma af stað í skólann.

Skóladagur hefst klukkan 8:15 á morgnana hjá 1. - 7. bekk en nemendur í 8. - 10. bekk taka rútu sem fer stundvíslega **kl. 8:00** frá Glerárskóla. Skóladagur þeirra hefst kl. 8:10.

Skóla lýkur kl.13:15 hjá 1. - 4. bekk og frá þeim tíma er frístund opin til kl. 16:15.
ATH! Staðfesta þarf skráningu nemenda í frístund fyrir 20. hvers mánaðar.

Við gerum ráð fyrir að nemendur borði staðgóðan morgunmat en nemendur fá nestistíma á morgnana og bendum við forráðamönnum á mikilvægi þess að börnin séu með hollt nesti eða í ávaxtaáskrift. Einnig bendum við á að nemendur taka með sér heim aftur einnota umbúðir ef þeir koma með slíkt í skólann undir nesti og hvetjum við forráðamenn til að senda nemendur með sem minnst af slíkum umbúðum en nota frekar margnota box og brúsa.



Bendum einnig á að Glerárskóli er hnetulaus skóli að öllu leyti og því stranglega bannað að koma með mat í skólann sem inniheldur hnetur eða möndlur.



Nemendum er ekki leyfilegt að yfirgefa skólalóðina á skólatíma.

Matartímar eru þrískiptir í skólanum frá kl. 11:10 og allt til kl. 13:00.


Allar upplýsingar um skráningar í mötuneyti, ávaxta - og mjólkuráskrift er hægt er að fá hjá ritara (sjá pósta frá ritara).

Áskriftin kostar eftirfarandi:

Annaráskrift í mat kr. 10.388 (pr. mánuð)

Mjólkuráskrift kr. 892 (pr. mánuð)

Ávaxtaáskrift kr. 2.018 (pr. mánuð, heill ávöxtur á dag)



Veðurfar á haustin er oft með ýmsum hætti hér á Íslandi eins og við öll vitum. Þessa fyrstu mánuði skólaársins fara nemendur mikið út, bæði í kennslu og að sjálfsögðu í frímínútum. Við biðjum forráðamenn að sjá til þess að nemendur séu klæddir eftir veðri og að alltaf séu aukaföt í skólatöskunni hjá þeim yngri, sérstaklega ef mikil bleyta er úti.

Allir forráðamenn eiga að hafa aðgang að **Infomentor** en ef einhver hefur glatað lykilorði sínu er hægt að hafa samband við ritara og fá nýtt. Infomentor opnar fyrir forráðamenn þann 22. ágúst 2023. *Á heimasíðu Glerárskóla, undir flípanum Foreldrar, má finna notendahandbók Infomentor fyrir aðstandendur nemenda.*

Innganga nemenda í skólann verður á tveimur stöðum þetta skólaár:

Inngangur við B-álmú: 1. - 4. bekkur

Inngangur við íþróttahús: 5. - 7. bekkur og 8. - 10. bekkur (þegar við á)

Umsjónarkennarar og stofur 2022-2023

1. bekkur	Hólmfríður Guðnadóttir	B4
2. bekkur	Anna Sigríður Halldórsdóttir og Inga Huld Pálsdóttir	B6+B8
3. bekkur	Ingibjörg Björnsdóttir og Heimir Freysson	B5+B7
4. bekkur	Helga Ingadóttir	B2
5. bekkur	Hulda Björk Snæbjörnsdóttir og Jóhann Ingi Einarsson	D2+D4
6. bekkur	Elín Elísabet Magnúsdóttir og Esther G. Gestsdóttir	D6+D8
7. bekkur	Íris Dröfn Hafberg	D9
8. bekkur	Arna Ýr Guðmundsdóttir og Ragnar Logi Búason	Rósenborg

9. bekkur	Karen Jóhannsdóttir og Sveinn Leó Bogason	Rósenborg
10. bekkur	G. Sigríður Víkingisdóttir og Guðrún Hanna Sigurjónsdóttir	Rósenborg
	List-og verkgreinar verða kenndar í stofum D1 - D7	
	ÍSAT kennsla verður í millistofu á D-gangi	
	Frístund verður áfram í stofum B1 og B3	

Starfsmannamál

Á komandi skólaári bætast fjórir starfsmenn í hópinn okkar í Glerárskóla. Þetta eru:

Arna Ýr Guðmundsdóttir, umsjónar- og dönskukennari á unglingastigi
Guðrún Hanna Sigurjónsdóttir, umsjónar- og íslenskukennari á unglingastigi
Hrafnhildur Guðjónsdóttir, deildarstjóri
Óliver Jóhannsson, starfsmaður með stuðning í Frístund



Við bjóðum þau öll hjartanlega velkomin í okkar góða hóp.

Auk þeirra kemur til með að starfa við skólann afleysingafólk að aðstoðar ef um veikindi eða önnur forföll er að ræða.

Reglur um farartæki á hjólum

Að öllum líkindum verður haustið ljúft og gott svo nemendur geti nýtt sér farartæki á hjólum til að koma í skóla og fara heim úr skóla. Við viljum minna á þær reglur sem um slík farartæki gilda og finna má á heimasíðu skólans.



Allir nemendur skulu nota hjálma og eingöngu nýta farartækin til að koma í og fara heim frá skóla. Einnig skal brýna fyrir nemendum að **setja hjólin í hjólagrindur og alls ekki beint fyrir framan innganga að skólanum.**

Við bendum forráðamönnum á að ef nemendur af einhverjum ástæðum eru á leiguhlaupahjólum, sem nú er hægt að leigja hér á Akureyri, eru þeir **alfarið á ábyrgð forráðamanna þar sem aldurstakmark á þeim hjólum er 18 ár.**

Sjá má á heimasíðu skólans myndband með reglum um notkun rafhlaupahjóla frá Samgöngustofu og reglur skólans um notkun farartækja á hjólum.

Bendum sérstaklega á að enn eru miklar framkvæmdir í kringum Glerárskóla og því enn meira um vert að brýna fyrir börnunum að fara eftir reglum, fara varlega og sýna mikla aðgát.

Framkvæmdir í Glerárskóla - A-álma

Líkt og á liðnu skólaári verða framkvæmdir við A-álmu skólans á fullri ferð. Það hefur í för með sér að nemendur þurfa að fara að öllu með gát þegar þeir eru í skólanum, á leið í skóla eða heim.

Þeir sem verða við vinnu í álmunni aka inn og út um efri aðkeyrslu að bílastæði sunnan skólans og fara þaðan inn á byggingarsvæði sem verður afgirt í kringum A- álmuna, allt frá inngangi að austan og að C-álmunni (starfsmannaálm). Aðgengi að skólanum verður báðum megin við byggingarsvæðið fyrir gangandi (hjólandi) nemendur en við minnum forráðamenn á að nota sleppisvæðið ef nemendum er ekið í skólann eða nota bílastæða ofan leikskóla. Við biðjum alla að nýta ekki bílastæðið sunnan skólans til að sleppa nemendum út því það er hættulegt.

Þar sem framkvæmdir verða í gangi megnið af skólaárinu þurfa allir að sýna þolinmæði og þrautseigju því við vitum að uppskeran verður ríkuleg þegar öllu er lokið og ný álma verður tekin í notkun.

Til viðbótar er verið að saga fyrir gluggum og hurðum á vegg við matsal skólans en það er gert til að auðvelda frágang við innigarð milli álmana þar sem ekki hefði verið hægt að ganga frá honum nema klára sögun og steypuvinnu við C-álm. C- álma verður sett í gagngerar endurbætur árið 2026 samkvæmt fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar.

Skipulag skólastarfs í Rósenborg/Glerárskóla - 8. - 10. bekkur

Stóran hluta af skólaárinu 2023-2024 verður 8. - 10. bekk kennt í Rósenborg að megninu til. Íþrótt- og sundkennsla auk nokkurra lífsleiknikennslu fer fram í Glerárskóla auk þess sem valgreinar eru kenndar víða á Akureyri. Skipulagið verður það sama og á liðnu ári:

Tímasetningar í Rósenborg:

Skóli hefst **kl. 8:10** á morgnana og stendur til 12:35 en þá er matartími. Klukkan 13:15 hefst kennsla á ný og stendur mislengi fram á dag eftir því hvaða valgreinum nemendur sinna. Á miðvikudögum er skóli til 13:45.

Rútur:

Rúta fer á hverjum morgni frá Glerárskóla upp í Rósenborg **kl. 8:00**. Rúta fer frá Rósenborg út í Glerárskóla fjóra daga vikunnar kl. 12:35 og einn dag kl. 13:45. Þegar nemendur eru í íþróttum og sundi verða rútuferðir aðlagðar að þeim bæði til og frá Glerárskóla/Rósenborg.

Rútur stoppa á bílplani milli íþróttahallar og Brekkuskóla og þaðan ganga nemendur niður í Rósenborg.

Ef nemendur missa af rútnni verða þeir að koma sér sjálfir í skólann.

Matartími:

Nemendur fá mat kl. 12:45 í Glerárskóla alla daga nema miðvikudaga. Á miðvikudögum snæða nemendur í Brekkuskóla kl. 12:35 en þann dag er kennsla í Rósenborg til kl. 13:45.



Valgreinar:

Nemendur þurfa sjálfir að koma sér í valgreinar líkt og áður.

*„Upphaf þekkingar er að uppgötva eitthvað sem við skiljum ekki!”
Höf. ókunnur*

Helstu atburðir í ágúst og september 2022

Ágúst 2023	
22. ágúst	Skólasetning
23. ágúst	Skóli hefst samkvæmt stundaskrá hjá 1. - 10. bekk
31. ágúst	6. bekkur Húni II
29. ágúst	Útivistardagur - Frístund opin
September 2023	
8. september	Dagur læsis
16. september	Dagur íslenskrar náttúru
26. september	Evrópski tungumáladagurinn


*„Gæska skiptir meira máli en viska og viðurkenning á því er upphaf
viskunnar.”
Höf. Theodore Rubin*

Leiðsagnarnám í Glerárskóla

Á komandi ári taka kennarar í Glerárskóla þátt í innleiðingu á leiðsagnarnámi í skólanum. Verkefnið er unnið í samvinnu við alla grunnskólana á Akureyri og í anda Menntastefnu Akureyrarbæjar. Til aðstoðar höfum við fengið Nönnu Kristínu Christiansen sérfræðing og höfund bókarinnar: Leiðsagnarnám.

Í upphafi skólaárs sitja kennarar námskeið með Nönnu Kristínu. Síðan taka þeir leiðtogar innan skólans við boltanum og stýra, í samvinnu við Nönnu Kristínu, innleiðingunni í skólanum.

Skólarnir á Akureyri fengu styrk til þessarar innleiðingar en auk þess fékk Glerárskóli styrk til að efla leiðsagnarmatið innan veggja skólans.



Þetta eru spennandi tímar sem gera að verkum að kennsluhættir í skólanum verða fjölbreytilegri og nemendur axla meiri ábyrgð á eigin námi sem er afar jákvætt.

„Við ættum að einbeita okkur að framtíðinni því það er þar sem við verðum það sem eftir er ævinnar.“

Höf. Mark Twain

Leyfisbeiðnir og veikindaskráning

Skólinn hvetur forráðamenn til að óska sem minnst eftir leyfi fyrir nemendur frá skóla þar sem nám þeirra er mikilvægt og skólaskylda er í landinu. Við bendum forráðamönnum á að ef sækja þarf um leyfi í **1-2 daga** þarf að hafa samband við umsjónarkennara til að fá slík leyfi. **Senda þarf póst á kennarann og afrit á ritara.**

Ef um **3 daga** eða lengri leyfi er að ræða þarf að **sækja um þau rafrænt** á formi sem finna má á heimasíðu skólans.

Athugið að slík leyfi þarf að sækja um með nokkrum fyrirvara svo hægt sé að gera ráðstafanir vegna náms nemenda.

Minnum einnig á að hægt er að **skrá veikindi nemenda beint inn á InfoMentor**. Ef það er gert þarf ekki að hringja í skólann og því getur það sparað bæði tíma og fyrirhöfn. **Athugið að skrá/tilkynna þarf veikindi daglega.**



Húnaferð 6. bekkinga

Fimmtudaginn 31. ágúst 2023 kl. fara 6. bekkingar í árlega sjóferð með Húna II. Fyrri hópur fer kl. 8 og seinni 11:30. Sjóferðin er í boði Hollvina Húna, Háskólans á Akureyri og Fræðslusviðs Akureyrarbæjar.

Ferðir með Húna II eru afskaplega skemmtilegar og fræðandi fyrir krakkana og því þakkarvert að fá að fara í slíkar ferðir.

Allar nánari upplýsingar koma frá umsjónarkennurum þegar nær dregur.



Breyting á stundatöflu

Vegna kjarasamninga kennara um betri vinnutíma verða eftirfarandi skóladagar **til kl. 12:00** hjá öllum nemendum.

Frístund opnar kl. 12:00 fyrir nemendur 1. - 4. bekkjar sem eru skráðir þá daga.

- ☐ Uppbrotsdagur 19. desember 2023
- ☐ Dagur fyrir vetrarfrí, 13. febrúar 2024

- ☐ *Útivistardagur í Hlíðarfjalli 2024 (skráður 6. mars en getur breyst)*
- ☐ *Þemadagar 23. og 24. apríl 2024*

Glerárskóli, v/Höfðahlíð

603 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en

í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

